

## Svar

### innviðaráðherra við fyrirspurn frá Helga Héðinssyni um snjómokstur samkvæmt reglu um vor- og haustmokstur.

1. *Hver er lengd vega þar sem vetrarþjónustu er sinnt samkvæmt reglu um vor- og haustmokstur?*

Vegir sem mokaðir eru samkvæmt reglu um vor- og haustmokstur (G-reglu) eru alls 236,45 km.

2. *Hvaða vegir eru mokaðir samkvæmt þessari reglu?*

Eftirfarandi vegarkaflar eru mokaðir samkvæmt G-reglu:

- (95) Skriðdals- og Breiðdalsvegur, 17,71 km.
- (520) Dragavegur, 8,28 km.
- (643) Strandavegur, 68,52 km.

Tilraunaverkefni fór fram í janúar og fram í mars árið 2022 um að moka eftirfarandi vegi allt að tvisvar í viku:

- (862) Dettifossvegur, 21,12 km.
- (886) Dettifossvegur vestri, 3,02 km.
- (917) Hlíðarvegur, 65,19 km.
- (939) Axarvegur, 20,71 km.
- (953) Mjóafjarðarvegur, 31,90 km.

3. *Telur ráðherra ástæðu til þess að endurskoða þessa reglu vegna aukinnar umferðar um suma þessara vega eða vegna breytinga á veðráttu og snjóalögum?*

Þjóðfélagslegar breytingar á undanförunum árum, t.d. vegna breyttrar atvinnusóknar, kalla almennt á aukna vetrarþjónustu og því er full ástæða til að endurskoða þessa reglu sem aðrar vetrarþjónustureglur Vegagerðarinnar. Aukin þjónusta kallar hins vegar jafnframt á auknar fjárveitingar Alþingis til vetrarþjónustu.